

LÖG

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, og lögum um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna á tímum kórónuveirufaraldurs, nr. 155/2020 (framlenging úrræða o.fl.).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006.

1. gr.

Í stað orðanna „þegar hann sækir um atvinnuleysistryggingar“ í 5. mgr. 52. gr. laganna kemur: við starfslok hans eða þegar hann missir starf sitt að hluta, sbr. 17. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XVIII í lögumum:

- a. Í stað dagsetningarinnar „1. október 2021“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: 1. febrúar 2022.
- b. Í stað dagsetningarinnar „30. september 2021“ í 2. mgr. kemur: 31. janúar 2022.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Innan fjögurra vikna frá gildistöku þessa ákvæðis skal Vinnumálastofnun greiða þeim atvinnuleitanda sem hafði fengið greiddar atvinnuleysisbætur samfelt í 14 mánuði eða lengur hinn 1. maí 2021 og verið að fullu tryggður skv. III. eða IV. kafla á umræddum tíma sérstakan 100.000 kr. styrk úr Atvinnuleysistryggingasjóði, enda hafi viðkomandi atvinnuleitandi fengið greiddar atvinnuleysisbætur fyrir aprílmánuð 2021. Þrátt fyrir framangreint skal biðtími eftir atvinnuleysisbótum teljast með við útreikning á fjárhæð styrks, enda hafi viðkomandi atvinnuleitandi verið skráður án atvinnu hjá Vinnumálastofnun á fyrrnefndum biðtíma.

Hafi atvinnuleitandi fengið greiddar atvinnuleysisbætur samfelt í 14 mánuði eða lengur hinn 1. maí 2021 og verið tryggður hlutfallslega á umræddum tíma skal Vinnumálastofnun greiða honum hlutfallslegan styrk skv. 1. mgr. í samræmi við það tryggingahlutfall sem greiðslur atvinnuleysisbóta til hans á fyrrnefndu tímabili miðuðust við. Þrátt fyrir framangreint skal biðtími eftir atvinnuleysisbótum teljast með við útreikning á fjárhæð styrks, enda hafi viðkomandi atvinnuleitandi verið skráður án atvinnu hjá Vinnumálastofnun á fyrrnefndum um biðtíma.

II. KAFLI

Breyting á lögum um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna á tímum kórónuveirufaraldurs, nr. 155/2020.

4. gr.

Í stað dagsetningarinnar „30. júní“ í 1. gr. laganna kemur: 31. desember.

5. gr.

Í stað dagsetningarinnar „30. september 2021“ í 1. málsl. 3. mgr. 7. gr. laganna kemur: 31. mars 2022.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. júní 2021.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Ásmundur Einar Daðason.